

Samstarfssamningur VR/LÍV og SVP um aukna hæfni og þekkingu starfsfólks í verslun og þjónustu

VR kt. 690269-2019, Landssamband Íslenskra Verzlunarmanna (LÍV) kt. 420269-0489 og Samtök verslunar og þjónustu (SVP) kt. 570599-2249 gera með sér eftirfarandi samning um að vinna markvisst að hæfniaukningu í verslun og þjónustu til ársins 2030.

Markmið samningsins eru eftirfarandi:

1. Fram til ársins 2030 er stefnt að 80% af starfsfólki fyrirtækja í verslun og þjónustu sækji nám¹ sem hefur að markmiði að auka hæfni og þekkingu starfsfólksins. Námið fari fram með reglulegri sí- og endurmenntun samkvæmt nánari þarfagreiningu sem VR/LÍV og SVP vinna að í sameiningu hverju sinni.

Markmið er að tryggja að fyrirtæki í verslun og þjónustu hafi á hverjum tíma aðgang að hæfu starfsfólki og að starfsfólk fyrirtækja í verslun og þjónustu eigi ávallt kost á því námi sem gerir þeim kleift að takast á við þau verkefni sem vinnumarkaður í örri umbreytingu gerir kröfu um.

Þannig vilja VR/LÍV og SVP sýna að það er sameiginlegt viðfangsefni samtaka atvinnurekenda og samtaka launþega í verslunar- og þjónustugreinum að tryggja að menntun og hæfni starfsfólks sé í takt við þarfir eins og þær eru hverju sinni. Með þessu móti vinnst tvennt:

- a. Möguleikar og tækifæri fólks á vinnumarkaði aukast, til að þróast í starfi, og takast á við nýjar áskoranir sem ætti að leiða til betri kjara starfsfólks.
- b. Samkeppnisstaða fyrirtækja í verslun og þjónustu eflist þar sem reynslan sýnir að samkeppni milli atvinnugreina um hæfasta fólkið eykst og kemur til með að aukast hröðum skrefum á komandi árum.

Með reglulegri sí- og endurmenntun er átt við að starfsfólk í verslun og þjónustu stundi nám í samræmi við hæfni- og þarfagreiningu greinarinnar hverju sinni. Stefnt er að því að starfsfólk stundi sí- og endurmenntun að jafnaði 40 klukkustundir á ári.

Til að mæla árangur af samstarfssamningi þessum framkvæma VR/LÍV og SVP árlega könnun sem nær til starfsfólks í verslun og þjónustu og einnig til fyrirtækja til þess að mæla virkni þeirra í sí- og endurmenntun.

Þarfagreining verslunar- og þjónustugreinarinnar byggir á hæfnigreiningum verslunar- og þjónustustarfa hverju sinni sem tekur jafnframt mið af hæfnipörfum að mati stjórnenda.

¹ Nám getur bæði verið formlegt og óformlegt. Með formlegu námi er átt við að það fari yfirleitt fram í kennslustofu, er hannað sem nám, stundað af ásetningi starfsmanns og gefin er út staðfesting á náminu. Óformlegt nám getur verið innbyggður hluti af verkefnum í starfi en stundað með ásetningi starfsmanns um að afla sér aukinnar þekkingar.



2. Sérstök áhersla verði lögð á að auka þekkingu og hæfni þess stóra hóps starfsfólks í verslunar og þjónustufyrirtækjum sem hefur íslensku sem annað tungumál. Markmið er að 80% þessa hóps búi árið 2030 yfir hæfni B1² í íslensku samkvæmt viðmiðum Evrópska tungumálarammans (European Language Portfolio)


Við vinnslu þessara markmiða verði unnið í víðtæku samstarfi við fyrirtæki á íslenskum markaði sem eru nú þegar að bjóða upp á fjölbreytt úrval af vef- og staðnámi í íslensku.

Veita skal upplýsingar um viðmiðin og leiðir til eflingar á hæfni í íslensku til einstaklinga og fyrirtækja og hafa slíkar upplýsingar sýnilegar og aðgengilegar.

3. Verslunar- og þjónustugreinin þróa og skilgreini aðferð sem leiði af sér viðurkenningu/vottun á gefnum markmiðum samningsins.
 - Viðurkennd vottun eða fagbréf verði veitt fyrir starfsgreinar og hæfnisnám/þjálfun starfsfólks í verslun og þjónustu.
 - Fyrirtæki fái viðurkenningu þegar 80% starfsmanna eru árlega í virkri sí og endurmenntun.

Reykjavík, 16. mars 2023


Formaður VR og LÍV


Formaður SVP

² Íslenski tungumálaraminn; <https://rm.coe.int/CoERMPublicCommonSearchServices/DisplayDCTMContent?documentId=090000168045bb5c>